

8  
17. febr

## REGLUGJÖRD

um

**meðferð og notkun rafmagns á Eyrarbakka.**

### 1. gr.

Rafveitan á Eyrarbakka selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir, samkvæmt reglugjörð þessari.

### 2. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar, þó má rafveitunefnd með ráði stöðvarstjóra selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa.

### 3. gr.

Reksturstími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er alt árið, og má ekki taka strauminn af, nema nauðsyn beri til og svo stuttan tíma sem unt er.

### 4. gr.

Aðalálmur og húsálmur, ásamt öryggjum, leggur rafveitan á sinn kostnað; þó ekki lengri húsálmur en 40 metra, það sem umfram er kostar húseigandi. Aðalkerfi rafveitunnar má ekki stækka nema með leyfi hreppsnefndar.

### 5. gr.

Hver, sem óskar að fá hús sitt raflagt eða breytt eldri raflagningu, skal senda stöðvarstjóra skriflega beiðni um það með upplýsingum um, hve mikið rafmagn hann óskar að fá ásamt öðrum upplýsingum nauðsynlegum fyrir raflagninguna.

Stöðvarstjóri sendir umsóknina með athugasemdum sínum til rafveitunefndar, og nefndin ákveður því næst, hvort lagningin eða breytingin skuli leyfð. Umsækjanda sje tilkynntur úrskurður nefndarinnar, og skal sú tilkynning vera komin til hans ekki seinna en þrem vikum eftir að stöðvarstjóri fjekk umsóknina.

### 6. gr.

Húsveitur skal gjöra á kostnað húseiganda af löggiltum rafvirkja.

Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefnd eftir tillögum rafveitunefndar og stöðvarstjóra hefir löggilt til þess, má framkvæma slík verk eða breyta neinu, er rafveitunni tilheyrir innan húss eða utan.

**7. gr.****8**

Nú hefir hús verið raflagt, áhöld sett í hús, eða breytt eldri raflagningu, 17. febr. og má þá ekki taka húsveituna til afnota fyrr en stöðvarstjóri hefir skoðað og prófað hana og vottað að hún sje fullnægjandi.

Álítist raflagningin ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi rafvirki laga hana þannig að hún sje fullnægjandi.

**8. gr.**

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæla, er rafveitan leggur til, gegn hæfilegu ársgjaldi, þó getur rafveitunefnd selt ljós án straummæla, og greiðist gjald fyrir það eftir gjaldskrá rafveitunnar.

**9. gr.**

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka rafmagn úr taugakerfi rafveitunnar, nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemddum á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjótí nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt hegningarlögunum.

**10. gr.**

Hver rafmagnsnotandi er skyldur til að sjá um, svo sem honum er unt, að innleiðsla hans sje jafnan í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða tæki í húsi þannig, að skemddum geti valdið á taugum eða áhöldum t. d. að öryggi hrökkvi í sundur eða að bilun sjáist á einangrun á leiðslum, svo að leiðslur haldi ekki rafmagnsstraumnum og orsaki jarðsamband, þá skal húsráðandi tafarlaust tjá það stöðvarstjóra. Varast skal að taka í sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin, o. s. frv.

**11. gr.**

Rafveitunefndinni er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna gamla lampa og önnur áhöld, sem eftir áliti hennar og stöðvarstjóra eru ótrygg eða til tálmunar á góðum rekstri.

**12. gr.**

Stöðvarstjóri og rafveitunefnd skulu ætíð hafa frjálstan aðgang þar sem eru taugar eða áhöld, sem standa í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar, til þess að ganga úr skugga um að alt sje í góðu lagi.

**13. gr.**

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt reglugjörð þessari, eða virðir að vettugi fyrirskipanir rafveitunefndar, skal

**3** stöðvarstjóra heimilt að slíta sambandinu við hann til bráðabirgða og að fullu  
**17. febr.** með samþykki rafveitunefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

#### 14. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á er hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugjörðar. Rísi ágreiningur útaf einstökum ákvæðum, sker hreppsnefnd úr, en úrskurði hennar má áfrýja til stjórnarráðsins.

#### 15. gr.

Hreppsnefndin hefir á hendi yfirstjórn rafveitunnar. Hún kýs 3 menn í rafveitunefnd til þriggja ára í senn. Gengur einn maður úr nefndinni árlega, og skipar hreppsnefnd mann í hans stað. Stjórnin kýs sjer formann og fjehirði og ræður stöðvarstjóra, sem á að sitja fundi nefndarinnar og hefir atkvæðisrjett, í öllum málum, sem ekki snerta hann persónulega. Stöðvarstjóra ber að fylgja í öllu fyriræmælum rafveitunefndar.

#### 16. gr.

Rafveitunefndin skal hafa nákvæmt eftirlit með rekstri stöðvarinnar, sjá um að jafnan sje til nægilegt efni til reksturs, varahlutar, o. s. frv.

Hún skal halda glögga bók yfir tekjur og gjöld rafveitunnar, svo og eignir og skuldir. Ársreikning skal hún semja fyrir 1. mars ár hvert og afhenda hann hreppsnefndinni, sem kýs tvo menn til að endurskoða reikninginn og úrskurðar hann síðan.

Reikningsár rafveitunnar er almanaksárið.

#### 17. gr.

Hreppsnefndin semur, í samráði við rafveitunefnd, gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis stjórnarráðsins á henni.

#### 18. gr.

Reglugjörð þessari og einnig gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

#### 19. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, alt að 200 krónum, nema þyngri hegning liggi við, og skal fara með mál útaf þeim sem almenn lög-reglumál. Sektir renna í sveitarsjóð Eyrarbakkahrepps.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin reglugjörð um notkun og meðferð rafmagns á Eyrarbakka, dags. 11. febrúar 1921,

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 8  
17. febr.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. febrúar 1923.*

Kl. Jónsson.

*Vigfús Einarsson.*

## GJALDSKRÁ

9  
17. febr.

fyrir

rafveitu Eyrarbakkahrepps.

### 1. gr.

Hver rafmagnsnotandi (húseigendur og þeir, sem sjerstakt herbergi hafa á leigu) greiði á ári fyrir 1 lampastæði kr. 40,00 og felst í því gjaldi greiðsla á alt að 15 kílóvattstunda eyðslu um árið. Fyrir hvert lampastæði umfram greiðist á ári kr. 10,00 og felst í því gjaldi greiðsla á alt að því 5 kílóvattstunda eyðslu um árið á hvert þeirra. Fyrir hverja kílóvattstund, sem eytt er á ári hverju fram yfir það, sem áður er sagt að felist í gjöldum af lampastæðum, greiðist 75 aurar.

Leiga fyrir hvern straummæli skal vera á ári hverju kr. 10,00.

Auk þess skal eigandi hvers húss sem er í sambandi við taugakerfi Rafveitunnar, greiða á ári hverju gjald, er nemi  $1\frac{1}{2}$  pró mille af virðingarverði hússins, miðað við verð þess, eftir gildandi fasteignamati

### 2. gr.

Föstu rafmagnsgjöldin, sem miðuð eru við lampastæði, greiðist 6 sinnum á ári, 1. okt., 1. nóv., 1. des., 31. des., 1. mars og 15. maí.  $\frac{1}{6}$  hluti þeirra í hvert sinn. Leigan af straummæli og gjaldið, sem miðað er við virðingarverð húsanna, greiðist í einu lagi með rafmagnsgjöldunum 1. október, og gjaldið fyrir það, sem eytt er fram yfir það, sem felst í gjöldum af lampastæðum, greiðist í einu lagi með rafmagnsgjöldunum 31. desember. Sjeu gjöldin eigi greidd 15 dögum eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda eftir skriflegri tilkynningu til hans eða húseiganda. Húseigandi ber ábyrgð á, að gjöldin sjeu greidd í tæka tíð.

Öll gjöld til rafveitunnar má taka lögtaki.

### 3. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. jan. 1923, og með henni fellur úr gildi gjaldskráin, sem sett var fyrir Rafveitu Eyrarbakkahrepps 11. febrúar 1921.